

Mánudaginn 1. febrúar 1971.

Nr. 172/1969. **Guðmundur Óskarsson**

(Hákon Árnason hdl.)

gegn

Bæjarstjóranum í Hafnarfirði

f. h. bæjarsjóðs og gagnsök

(Þorfinnur Egilsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kaupgjaldsmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Már Pétursson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, og samdómendurnir Steingrímur Pálsson og Oddur Benediktsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 26. september 1969, birtri 15. október 1969, og gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 286.257.92 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 76.957.00 frá 1. janúar 1967 til 1. október 1967 og af kr. 286.257.92 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 22. október 1969 og krafist þess, að honum verði dæmd sýkna af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaður úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Aðiljar fullsömdu eigi um launakjör aðaláfrýjanda frá ársbyrjun 1966. Af gögnum málsins, og þá einkum bréfi gagnáfrýjanda frá 18. apríl 1966, má ráða, að gagnáfrýjanda hafi mátt vera ljóst, að aðaláfrýjandi áskildi sér rétt til hærri launa en hann veitti viðtöku. Hefur aðaláfrýjandi því eigi fyrirgert rétti til nokkurrar launauppbótar. Ber að dæma honum nokkurt ofanálag á laun þau og aukalaun, sem hann hefur þegið fyrir tímabil það, sem í málinu greinir. Eins og samskiptum aðilja er háttað, telst launabótin hæfilega metin kr. 80.000.00. Er rétt að dæma gagnáfrýjanda til að greiða

honum þessa fjárhæð ásamt 7% ársvöxtum frá 2. apríl 1968 og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 38.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjar-sjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Óskarssyni, kr. 80.000.00 ásamt 7% ársvöxtum frá 2. apríl 1968 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 38.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-um.

S é r a t k v æ ð i

**Benedikts Sigurjónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar
hæstaréttardómara.**

I.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, samþykkti bæjar-ráð Hafnarfjarðar 15. október 1964 að ráða aðaláfrýjanda til starfa sem bæjarverkfræðing frá 15. nóvember 1964 til jafnlengdar næsta ár. Um laun aðaláfrýjanda skyldi fara samkvæmt gerðardómi um laun verkfræðinga, er gildi tók 19. ágúst 1963. Bæjarráð fól bæjarstjóra að gera samninga við aðaláfrýjanda um laun hans og starfskjör. Með þeim samdist svo, að aðaláfrýjandi skyldi taka yfirverkfræðings-laun, svo sem þau voru ákveðin í III. kafla fyrrgreinds gerð-ardóms, en sá kafla fjallar um laun verkfræðinga hjá einka-aðiljum. Tók aðaláfrýjandi síðan laun samkvæmt samkomu-lagi þessu.

Hinn 16. desember 1965 samþykkti bæjarráð Hafnar-fjarðar að leggja til við bæjarstjórn, að aðaláfrýjandi yrði fastráðinn sem bæjarverkfræðingur frá 15. nóvember 1965 að telja.

Fyrrgreindur gerðardómur féll úr gildi samkvæmt ákvæð-

um sínum í árslok 1965. Ekki voru þá þegar gerðir nýir kjarasamningar við verkfræðinga.

Hinn 6. janúar 1966 var aðaláfrýjanda tilkynnt, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefði samþykkt að veita honum stöðu bæjarverkfræðings frá 15. nóvember 1965 að telja. Um launakjör aðaláfrýjanda var ekki fjallað. Með bréfi 16. janúar 1966 tilkynnti gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda, að ákveðið hefði verið að greiða honum mánaðarleg aukalaun fyrir yfirvinnu, sem næmi 25 klukkustundum á mánuði. Þá yrði honum greitt fyrir setu á fundum bæjarráðs sama gjald og bæjarráðsmenn fengu. Aðaláfrýjandi tók áfram laun í samræmi við ákvæði nefnds gerðardóms og gerði þar ekki athugasemdir um. Í aprílmánuði 1966 mun aðaláfrýjandi hafa óskað þess af bæjarstjóranum í Hafnarfirði, að hann ákvæði launin skriflega, og ritaði bæjarstjórinn aðaláfrýjanda bréf 18. apríl 1966. Í bréfi þessu segir, að aðaláfrýjandi skuli taka laun hjá gagnáfrýjanda „í samræmi við laun þau, sem Stéttarfélag verkfræðinga kann að semja um á hverjum tíma um laun yfirverkfræðinga, með hliðsjón af III. taxta gerðardóms, dags. 19. ágúst 1963, skv. I. nr. 64/1963 eða ákveðið kann að verða með gerðardómi um laun yfirverkfræðinga“.

Hinn 16. maí 1966 gerðu Stéttarfélag verkfræðinga og Félag verkfræðilegra ráðunauta með sér kjarasamning. Samningur þessi, sem skyldi gilda frá 1. maí 1966 til 1. maí 1967, fjallar ekki um laun né föst hlunnindi, og var gert ráð fyrir, að um þessi atriði og nokkur fleiri verði samið í ráðningarsamningum við einstaka verkfræðinga. Ekki er fram komið, að aðaláfrýjandi hafi gert athugasemd um launakjör sín þrátt fyrir samning þennan.

Hinn 28. desember 1966 gerði Stéttarfélag verkfræðinga hliðstæðan kjarasamning við Reykjavíkurborg, og skyldi sá samningur gilda frá 1. janúar 1967 til 31. marz 1968.

Stéttarfélag verkfræðinga ritaði gagnáfrýjanda bréf 8. marz 1967. Þar segir svo: „Félagsmenn Stéttarfélags verkfræðinga eru starfandi hjá Hafnarfjarðarbæ, en engir kjarasamningar milli bæjarins og félagsins hafa verið í gildi að undanfögnu. Vér leyfum oss því hér með að senda yður

hjálagt afrit af kjarasamningi, sem Stéttarfélag verkfræðinga gerði við Reykjavíkurborg nú um áramótin, og bjóðum Hafnarfjarðarbæ jafnframt að gera við oss sams konar samning um kjör verkfræðinga í þjónustu bæjarins“. Ekki verður séð, að gagnáfrýjandi hafi svarað bréfi þessu.

Síðari hluta júnímánaðar 1967 virðast hafa farið fram umræður um launamál milli aðilja. Hinn 20. júní 1967 ritaði aðaláfrýjandi ásamt þremur öðrum verkfræðingum gagnáfrýjanda bréf, þar sem settar eru fram ákveðnar launakröfur og að öðru leyti miðað við, að um kjör önnur skyldi fara eftir samningi Stéttarfélags verkfræðinga og Reykjavíkurborgar frá 28. desember 1966. Ekki verður séð, að bréfi þessu hafi verið svarað.

Aðaláfrýjandi hætti störfum hjá gagnáfrýjanda 30. september 1967.

Hinn 10. október 1967 ritaði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bréf, þar sem hann taldi til skuldar hjá gagnáfrýjanda vangreidd laun, bæði fyrir dagvinnu og yfirvinnu frá árunum 1966 og 1967. Var krafa hans, að því er varðaði árið 1966, byggð á meðaltali launa almennra verkfræðinga hjá einkafyrirtækjum, en að því er varðaði árið 1967, á kjarasamningi þeim við Reykjavíkurborg, sem að framan er getið.

Ágreiningslaust er, að yfirlýsing sú, er bæjarstjóri Hafnarfjarðar gaf aðaláfrýjanda að beiðni hans 18. apríl 1966, hafi aðeins verið skrifleg staðfesting á því, hverra launakjara hann nyti, en henni hafi eigi verið ætlað að breyta kjörum hans. Bæði áður og eftir að nefnd yfirlýsing var gefin og allt til loka starfstíma aðaláfrýjanda hjá gagnáfrýjanda tók aðaláfrýjandi laun samkvæmt ákvæðum nefnds gerðardóms án þess að hreyfa athugasemdum eða skýra frá þeim skilningi sínum á yfirlýsingunni, er hann nú reisir málssókn sína á. Verður því að leggja til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi sætt sig við að taka laun samkvæmt gerðardómnum frá 19. ágúst 1963, þar til gengið hefði nýr gerðardómur um laun yfirverkfræðinga eða Stéttarfélag verkfræðinga hefði gert nýjan heildarkjarasamning, er kvæði á um laun þeirra.

Í kjarasamningi Stéttarfélags verkfræðinga og Félags verkfræðilegra ráðunauta frá 16. maí 1966 er ekki kveðið á um laun einstakra verkfræðinga, og virðist ráð fyrir því gert, að þeir semji sjálfir um þau við vinnuveitendur sína.

Samkvæmt þessu báru aðaláfrýjanda laun samkvæmt ákvæðum III. kafla gerðardómsins frá 19. ágúst 1963 að viðbættum almennum hækkunum og verðlagsbótum. Þar sem eigi er vefengt, að aðaláfrýjanda hafi verið greidd þau laun, ber að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum hans, að því er varðar föst laun og greiðslur fyrir yfirvinnu.

II.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, fékk aðaláfrýjandi frá upphafi starfa síns greitt fyrir störf í byggingarnefnd og skipulagsnefnd og frá ársbyrjun 1966 fyrir setu á fundum bæjarráðs. Greiðsla fyrir störf þessi var slíkur þáttur í launakjörum aðaláfrýjanda, að gagnáfrýjandi gat eigi einhliða og gegn mótmælum aðaláfrýjanda fellt niður greiðslur þessar, nema með því að segja upp starfssamningi aðilja. Ber aðaláfrýjanda því greiðsla fyrir störf sín í nefndum þessum á árinu 1967, sem óumdeilt er, að rétt sé að reikna kr. 30.875.00. Aðaláfrýjandi hafði hins vegar eigi fengið greitt fyrir störf í heilbrigðisnefnd á árunum 1964, 1965 og 1966 og ekki um slíkar greiðslur samið, og á hann því ekki kröfu til greiðslu fyrir þau störf á árinu 1967.

III.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að aðaláfrýjandi eigi rétt til greiðslu fyrir vanreiknað orlof, kr. 16.585.20, og reikningsskilamismun, kr. 333.72.

IV.

Samkvæmt framangreindu ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda kr. 47.793.72 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags. Þá ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 30.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórinn í Hafnarfirði f. h. bæjar-sjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Guðmundi Óskarssyni, kr. 47.793.92 með 7% ársvöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags og kr. 30.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 14. júlí 1969.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 25. júní s.l., hefur Guðmundur Óskarsson verkfræðingur, Digranesvegi 24, Kópavogi, höfðað fyrir dómnum með stefnu, birtri 2. apríl 1968, og framhaldsstefnu, birtri 8. þ. m., á hendur bæjarstjóranum í Hafnarfirði fyrir hönd bæjar-sjóðs.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 286.257.92 með 1% vöxtum á mánuði og fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 76.957.00 frá 1. janúar 1967 til 1. október 1967, en af kr. 286.257.92 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnanda dæmt að greiða stefnda málskostnað að skaðlausu, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og málskostnaður látinn niður falla.

Málavextir.

Stefnandi starfaði hjá stefnda sem bæjarverkfræðingur frá 15. nóvember 1964 til septemberloka 1966.

Hafði hann 6 ára starfsaldur sem verkfræðingur, er hann réðst til bæjarins.

Á bæjarráðsfundi hinn 15. október 1964 var bókað:

„Með hliðsjón af því, að bæjarverkfræðingur Jón Bergsson lætur af störfum þ. 1. nóv. n. k., samþykkir bæjarráð að leggja til við bæjarstjórn, að Guðmundur Óskarsson byggingaverkfræðingur verði ráðinn til þess að gegna starfinu frá og með 15. nóv. n. k. til jafnlengdar næsta ár og verði laun hans í samræmi við kjaradóm um laun verkfræðinga frá 19. ágúst 1963. Er bæjarstjóra falið að ganga frá samningum við hann“.

Ög hinn 16. desember 1965 var bókað:

„Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn, að Guðmundur Óskarsson, sem gegnt hefur störfum bæjarverkfræðings,

verði fastráðinn í starfið og gildi ráðning hans frá 15. nóvember s.l. að telja“.

Meðan gerðardómur (í samþ. bæjarráðs rangnefndur kjaradómur) frá 19. ágúst 1963 var í gildi, þ. e. til ársloka 1965, tók stefnandi laun samkvæmt III. kafla hans, og voru grunnlaun hans því kr. 17.840.00 á mánuði, en III. kafla gerðardómsins fjallar um laun þeirra verkfræðinga, sem ekki eru fastráðnir hjá Reykjavíkurborg eða öðrum bæjar- eða sveitarfélögum, þar sem þeir njóta hliðstæðra lífeyrissjóðsréttinda og annarrar aðstöðu sem fastir starfsmenn Reykjavíkurborgar.

Gerðardómur þessi var skipaður samkvæmt lögum nr. 64/1963 um lausn kjaradeilu verkfræðinga.

Í árslok 1965 lauk gildistíma umrædds gerðardóms, án þess að nýr hliðstæður gerðardómur tæki gildi eða nýr heildarsamningur fyrir fastráðna verkfræðinga.

Stefnandi hélt þó áfram að taka laun á grundvelli gerðardómsins frá 19. ágúst 1963 að viðbættri vísitöluhækkun, unz hann lét af störfum hjá stefnda í septemberlok 1967.

Hinn 16. janúar 1966 ritaði bæjarstjórinn í Hafnarfirði stefnanda svofellt bréf:

„Það staðfestist hér með, að samkvæmt ákvörðun bæjarráðs munuð þér taka mánaðarleg aukalaun fyrir yfirvinnu hjá bæjarsjóði Hafnarfjarðar, sem nemur 25 tímum reiknuðum á eftirvinnutaxta, eins og hann miðast við föst laun á hverjum tíma.

Þá hefur orðið að samkomulagi, að þér hljótið sömu þóknun og bæjarráðsmenn fyrir setu á fundum bæjarráðs og gildi það frá og með 1. þ. m. að telja“.

Og hinn 18. apríl 1966 ritar bæjarstjórinn stefnanda annað bréf, svohljóðandi:

„Í framhaldi af bréfi, dags. 16. jan. 1966, staðfestist hér með, að þér munuð taka laun hjá bæjarsjóði Hafnarfjarðar í samræmi við laun þau, sem Stéttarfélag verkfræðinga kann að semja um á hverjum tíma um laun yfirverkfræðinga með hliðsjón af III. taxta gerðardóms, dags. 19. ágúst 1963, skv. l. nr. 64/1963 eða ákveðið kann að verða með gerðardómi um laun yfirverkfræðinga“.

Þessi tvö bréf segir stefnandi, að séu það eina, sem hann hafi fengið skriflegt frá vinnuveitanda sínum um launakjör sín, en um það hafi verið talað, að þegar umræddur gerðardómur gengi úr gildi, skyldi hann fá sömu laun og verkfræðingar hjá einkafyrirtækjum, ef eigi gengi í gildi annar gerðardómur um launa-

kjör verkfræðinga, hliðstæður gerðardómi frá 19. ágúst 1963.

Í aðiljayfirheyrzlu sagði stefnandi um bréfið frá 18. apríl 1966, að sér hefði fundizt rétt að fá yfirlýsingu bæjarstjórans um það, hver kjör sín væru.

Hann kvaðst ekki hafa litið svo á, að umrætt bréf hefði breytt kjörum sínum frá því, sem áður var, heldur aðeins verið staðfesting á því.

Þáverandi bæjarstjóri hefur fyrir dóminum borið, „að sér hafi upphaflega verið falið að semja við bæjarverkfræðinginn. Hafi sá samningur verið á þá leið, að verkfræðingnum yrðu greidd laun, eins og yfirverkfræðingar fengju í þjónustu einkaaðila, þ. e. skv. III. kafla gerðardóms frá 19. ágúst 1963. Hins vegar hafi ekki sérstaklega verið miðað við gildistíma gerðardómsins“.

Bæjarstjórinn bar enn fremur, að „ . . þótt gerðardómur um launakjör verkfræðinga frá 19. ág. 1963 hafi fallið úr gildi um áramót 1965—1966, hafi verkfræðingarnir hjá bænum haldið áfram að taka laun samkvæmt honum, en hins vegar verið við það miðað, að ef nýr gerðardómur gengi í gildi, færu þeir að taka laun samkvæmt honum“.

Tilfni bréfsins frá 18. apríl 1966 kvað bæjarstjórinn hafa verið ósk stefnanda um að fá staðfestingu á því, sem samið hafði verið um við hann í upphafi. Bréfinu hafi ekki verið ætlað að breyta launakjörum stefnanda.

Bæjarstjórinn kannaðist ekki við, að stefnandi hefði farið fram á neinar breytingar á kjörum sínum, hvað snertir föst mánaðarlaun, við sig á árinu 1966.

Hins vegar hafi stefnandi vakið athygli bæjarstjórans á því, að gerðardómurinn frá 1963 væri fallinn úr gildi.

Hinn 1. janúar 1966 tók gildi kjaradómur um laun starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar.

Var bæjarverkfræðingi raðað þar í launaflokk.

Bæjarstjórinn bar, að aldrei hefði verið við það miðað eða til þess ætlað, að stefnandi tæki laun eftir þeim dómi.

Framburðir þriggja bæjarráðsmanna voru á líkan veg. Hvorugur aðilja byggir kröfugerð sína á þeim dómi. Kemur hann því ekki frekar til álita í máli þessu.

Af hálfu stefnanda er á því byggt í máli þessu, að fram til ársloka 1965 hafi stefnandi átt að fá laun samkvæmt III. texta gerðardóms frá 19. ágúst 1963, hvað hann og fékk, síðan hafi átt að fara eftir því, sem annar gerðardómur kynni að ákveða eða stéttarfélag verkfræðinga kynni að semja um eða eins og

kjör gerðust hjá sambærilegum verkfræðingum á tímanum á eftir.

Stefnandi heldur því fram, að í samningum aðilja hafi falizt skuldbinding stefnda um að greiða stefnanda eigi lægri laun en yfirverkfræðingi hjá einkafyrirtæki, eftir að gerðardómur frá 1963 um laun verkfræðinga féll úr gildi. Miðar hann kröfugerð sína við meðaltalslaun slíkra verkfræðinga, eins og þau reyndust verða samkvæmt launakönnunum, er framkvæmdar voru eftir á.

Í samræmi við þennan skilning ritar stefnandi stefnda bréf, eftir að hann lét af störfum, þar sem stefnandi segir m. a.:

„Með vísun til samnings við Hafnarfjarðarbæ, sbr. bréf bæjarstjóra, dags. 18. apríl 1966, skuldbatt bæjarsjóður Hafnarfjarðar sig til að greiða mér eigi lægri laun en yfirverkfræðingi hjá einkafyrirtækjum, eftir að gerðardómur um laun verkfræðinga féll úr gildi.

Gerðardómurinn féll úr gildi 31. des. 1965, og kemur fram í meðfylgjandi skýrslu frá Hagstofu Íslands, dags. 16. maí 1967, að meðaltal daglauna almennra verkfræðinga í mínum aldursflokki árið 1966 hjá einkafyrirtækjum var kr. 266.060.00, og hafa laun yfirverkfræðinga því numið 1,3 · 266.060.00, eða kr. 345.848.00. Fyrir árið 1966 fékk ég greiddar kr. 284.282.00 í daglaun, og er þarna mismunur, sem nemur kr. 61.566.00“.

Í framhaldsstefnu kemur fram hliðstæð viðmiðunartala fyrir árið 1967, sem er samkvæmt launakönnun kr. 369.187.00.

Með 30% álagi verða mánaðarlaun kr. 39.995.00, eða fyrir níu mánuði kr. 359.955.00.

Stefnandi fékk greiddar kr. 219.510.00 fyrir umrætt tímabil, og nemur mismunur þessara fjárhæða kr. 140.445.00.

Í tilvitnuðu kröfubrési segir stefnandi enn fremur:

„Með vísun til samnings við Hafnarfjarðarbæ, sbr. bréf bæjarstjóra, dags. 16. jan. 1966, skuldbatt bæjarsjóður Hafnarfjarðar sig til að greiða mér 25 stundir á mánuði fyrir yfirvinnu.

Miðað við ofangreint áttu þessar greiðslur að vera hærrí fyrir árið 1966, sem nemur kr. 61.566.00 · 1/12 · 1/100 · 25 · 12, eða kr. 15.391.00, og fyrir árið 1967, sem nemur kr. 70.389.00 · 1/9 · 1/100 · 25 · 9, eða kr. 17.597.00“.

Endanleg sundurliðun kröfugerðar stefnanda er þessi:

Fyrir árið 1966:

Vangoldin daglaun kr. 61.566.00

Vangoldin yfirvinna — 15.391.00

_____ kr. 76.957.00

Fyrir árið 1967:

Vangoldin daglaun kr. 140.445.00

Vangoldin yfirvinna — 17.597.00

Kr. 158.042.00

Eftirstöðvar orlofs — 16.585.20

Þóknun fyrir setu á nefndarfundum — 16.940.00

Þóknun fyrir setu á fundum bæjarráðs — 17.400.00

Mismunur við uppgjör — 333.72

Fæst þá stefnufjárhæðin, samtals kr. 286.257.92

Því er ómótmælt haldið fram af stefnanda, að hann hafi framvísað reikningum fyrir fjórum síðustu liðum sundurliðunarinnar, áður en hann lét af starfi. Bréfið frá 10. október 1967 hafi hins vegar verið fyrsta sundurliðaða skriflega kröfugerðin til stefnda fyrir kaupmismun, en hann hafi vakið máls á því við bæjarstjóra fyrst á árinu 1966, að gerðardómurinn væri fallinn úr gildi, og bréfið frá 18. apríl verið afleiðing af þeim viðræðum. Kvaðst stefnandi hafa talið, að það bréf væri viðurkenning á því, að hann væri ekki á þeim launum, sem hann teldi rétt, og það skipti því ekki máli, hvenær sundurliðaðar skriflegar kröfur væru settar fram. Viðmiðun hafi heldur ekki verið fyrir hendi fyrir árið 1966, fyrr en niðurstöður launakönnunar Hagstofunnar fyrir árið 1966 lágu fyrir, en launakönnunin er dagsett 16. maí 1967. Hafi stefnanda því eigi verið unnt að bera fram sundurliðaðar og rökstuddar launakröfur, fyrr en hann gerði. Endanleg viðmiðun fyrir árið 1967 hafi ekki legið fyrir fyrr en undir mitt ár 1968 og því sé framhaldsstefnt fyrir hluta af kaupmismun 1967.

Bæjarstjórnarskipti urðu um bæjarstjórnarkosningarnar 1966, og telur stefnandi sig hafa rætt málið á sama grundvelli við hinn nýja bæjarstjóra og bent honum á, að hann teldi sig ekki hafa rétt laun. Hafi hinn nýji bæjarstjóri lofað að ræða þetta við bæjarráð, en ekkert muni hafa verið gert í málinu.

Í greinargerð stefnda er sýknukrafa af hans hálfu, hvað við kemur kaupmismun, rökstudd svo:

„Stefnandi hélt þó áfram að taka laun á grundvelli gerðardómsins frá 19. ágúst 1963, að viðbættri vísitölu, unz hann lét af störfum hjá stefnda, þar sem laun hans þannig reiknuð voru

nokkru hærrí en laun í 26. flokki kjaradómsins, og ekki þótti rétt að lækka hann í launum frá því, sem verið hafði.

Hinn 18. apríl 1966 ritaði þáverandi bæjarstjóri stefnanda bréf og staðfesti, að hann myndi taka laun hjá bæjarsjóði í samræmi við þau laun, er stéttarfélag verkfræðinga kynni að semja um á hverjum tíma um laun yfirverkfræðinga með hliðsjón af III. taxta gerðardóms frá 19. 8. 1963 eða ákveðið kynni að verða með gerðardómi um laun yfirverkfræðinga.

Nú hafa hinsvegar engir slíkir heildarsamningar verið gerðir fyrir fastráðna verkfræðinga né heldur hefir nýr gerðardómur um launakjör verkfræðinga verið kveðinn upp, þannig að ekki er um neinn kjarasamning eða gerðardóm að ræða, er komið hafi í stað gerðardómsins frá 19/8 1963. . . .

Samkvæmt framansögðu telur umbj. m., að í verki hafi stofnast samningur um, að stefnandi tæki laun með framangreindum hætti frá 1. janúar 1966 og hafi stefnandi að fullu fengið greidd þau laun, sem honum bar fyrir umrætt tímabil, en af því leiðir, að ekki er heldur um neina vangoldna yfirvinnu að ræða“.

Um kröfu stefnanda vegna vangoldinna mánaðarlauna og yfirvinnu.

Stefnandi tók samkvæmt samningi aðilja laun eftir III. taxta gerðardóms frá 19. ágúst 1963 að viðbætti vísitöluuppbót, þar til gerðardómurinn féll úr gildi um áramótin 1965—1966.

Gerðardómurinn féll úr gildi um nefnd áramót, án þess að aðiljar gerðu með sér nýjan samning, svo að sannað sé, og stefnandi hélt því áfram að taka laun eftir fyrri samningi.

Aðiljar sömdu svo með sér samkvæmt bréfi bæjarstjóra frá 18. apríl 1966, að laun stefnanda skyldu breytast, ef ákveðin atvik, sem þar eru talin, gerðust, þ. e. annað tveggja, að stéttarfélag verkfræðinga gerði nýja samninga um laun yfirverkfræðinga eða gerðardómur gengi um launakjör þeirra.

Hvorugt þessara atvika gerðist.

Þáru því stefnanda áfram laun í samræmi við gerðardóminn frá 1963.

Þau laun hefur hann fengið að viðbættum vísitöluhækkunum og 7% grunnkaupshækkun, er opinberir starfsmenn fengu frá 1. janúar 1966.

Ber því að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Um eftirstöðvar orlofs.

Fjárhæð þessa kröfuliðar er kr. 16.585.20 og sundurliðast þannig:

Unnir orlofsdagar sumarið 1966, 7 dagar á kr.	
975.60	kr. 6.829.20
Unnir orlofsdagar sumarið 1967, 10 dagar á kr.	
975.60	— 9.756.00

Samtals kr. 16.585.20

Stefnandi gaf þá skýringu á þessum kröfulið við aðiljayfirheyrslu, að yfir sumarið, þegar útivinna sé í fullum gangi, sé oft erfitt fyrir bæjarverkfræðing að komast í sumarfrí. Hafi hann því orðið að taka sumarfríð sundurslitið, fáa daga í einu, og niðurstaðan hafi orðið sú, að eftir hafi orðið þessir óteknu orlofsdagar.

Stefnandi sagði, að sumarið 1967 hefði bæjarstjóri beðið sig fyrir alla muni að hefja aftur vinnu, þegar hann var búinn að vera 11 daga í sumarfrí, enda hafi legið mikið fyrir.

Það er viðurkennt af bæjarstjóranum, að honum hafi verið kunnugt um, að stefnandi tók sumarfríð sundurslitið. Einnig að bæjarverkfræðingurinn hafði mjög frjálssar hendur um það, hvenær hann tók sína sumarleyfisdaga, og fór við ákvörðun á því eftir því, hvernig á stóð með verkefni.

Verkfræðingurinn tilkynnti bæjarstjóranum um, hvenær hann fór í sumarleyfi, en annaðist sjálfur talningu á fjölda daganna.

Bæjarstjórinn hefur haldið fram, að sér hafi ekki verið kunnugt um annað en stefnandi hafi tekið alla sína orlofsdaga umrædd ár, og enn fremur hefur hann mótmælt því, að hann hafi kallað stefnanda til starfa eftir 11 daga sumarfrí sumarið 1967.

Kröfuliðnum hefur ekki verið mótmælt reikningslega.

Þar sem upplýst er, að stefnandi var athugasemdaleaust látinn um að ákveða, hvort og hvenær hann tæki sína orlofsdaga, og var einnig látinn einn um að hafa tölu á þeim, þykir rétt að taka þennan kröfulið til greina.

Um þóknun fyrir setu á fundum bæjarráðs og annarra nefnda. Stefnandi krefst þóknunar að fjárhæð kr. 17.400.00 fyrir setu á fundum bæjarráðs, er hann sundurliðar þannig:

Vegna setu á fundum bæjarráðs árið 1967, 9 mán.	
á kr. 2.200.00	kr. 19.800.00
→ ofgreitt frá fyrra ári vegna bæjarráðsfunda ..	— 2.400.00

Samtals kr. 17.400.00

Enn fremur krefst stefnandi þóknunar fyrir setu á fundum eftirtalinnna nefnda á árinu 1967:

Byggingarnefnd, 12 fundir á kr. 385.00	kr. 4.620.00
Skipulagsnefnd, 23 fundir á kr. 385.00	— 8.855.00
Heilbrigðisnefnd, 9 fundir á kr. 385.00	— 3.465.00

Samtals kr. 16.940.00

Samanlagt nema þessir liðir kr. 34.340.00.

Áður er vitnað til bréfs þáverandi bæjarstjóra til stefnanda, dags. 16. janúar 1966, þar sem segir, að orðið hafi að samkomulagi, að stefnandi hlyti sömu þóknun og bæjarráðsmenn fyrir setu á fundum bæjarráðs frá 1. janúar 1966 að telja.

Bæjarstjórinn, er bréfið ritaði, hefur fyrir dóminum borið, að með orðinu „samkomulag“ í tilvitnuðu bréfi sé átt við samkomulag, er orðið hafi milli bæjarstjórnarinnar og stefnanda á fundi, þar sem málið var rætt og stefnandi var sjálfur mættur.

Bæjarstjórinn bar einnig, að stefnandi hefði farið fram á greiðslur vegna bæjarráðsfunda, „vegna þess að hann hafi verið óánægður með að hafa ekki hærri laun en hinir verkfræðingarnir“.

Þá er og upplýst, að stefnandi fékk frá upphafi og til ársloka 1966 greitt fyrir störf sín í byggingarnefnd og skipulagsnefnd, en heilbrigðisnefnd var ólaunuð þar til frá ársbyrjun 1967.

Í enga þessara nefnda var stefnandi kjörinn, heldur sat fundi þeirra samkvæmt stöðu sinni.

Hinn 17. janúar 1967 var í bæjarstjórn gerð svofelld samþykkt: „Bæjarstjórn samþykkir, að fastráðnir forsvarsmenn bæjarstofnana fái eigi greitt sérstaklega fyrir setu á stjórnarfundum eða nefndarfundum, sem heyra til starfi þeirra eða þeir eru kvaddir til fundar til upplýsinga eða ráðuneytis. Sama gildir og um aðra fastráðna starfsmenn, enda falli þá slík störf á fast-ákveðinn starfstíma þeirra. Að öðrum kosti fái þeir sömu þóknun sem aðrir stjórnar- eða nefndarmenn.“

Þetta nær þó eigi til þess, er fastráðinn starfsmaður er af bæjarstjórn kjörinn til stjórnar- eða nefndarstarfa“.

Stefnandi bar fyrir dóminum, að hann hefði fengið bréf um þessa samþykkt, skömmu eftir að hún var gerð.

Hefði hann þá haft samband við Kristin bæjarstjóra og sagt honum, að hann teldi ekki stætt á svona ákvörðun, sem tekin

hefði verið einhliða og gegn mótmælum þess aðilja, sem verið var að rýra kjörin hjá. Hefði hann strax ákveðið að gera reikning fyrir nefndarstörfunum um næstu áramót eins og hin árin.

Stefnandi tók við yfirheyrsluna fram, að í kröfugerð sinni krefjist hann aðeins þóknunar fyrir þá fundi, sem hann sat.

Hann tók einnig fram, að hann hefði mætt mjög vel á umræddum fundum.

Byggingarnefnd hefði alltaf verið með fundi sína fyrir hádegi, skipulagsnefndarfundir hafi ýmist verið haldnir á morgnana eða í eftirmiðdag og þá oft staðið fram til kl. 1900, fundir heilbrigðisnefndar hafi verið haldnir kl. 1600—1800 að deginum.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfufliðum. Stefnanda hafi verið tilkynnt um ákvörðun bæjarstjórnar hinn 17. janúar 1967. Fundirnir hafi að mestu eða öllu leyti farið fram í reglulegum vinnutíma stefnanda. Hann hafi heldur ekki mætt reglulega á fundum né setið út þá fundi, sem hann mætti á.

Rétturinn telur, að líta verði á umræddar greiðslur sem hluta af umsömdum launakjörum stefnanda.

Samþykkt bæjarstjórnar frá 17. janúar 1967 beri að virða sem uppsögn á samningi aðilja um þessi atriði.

Stefndi telst hafa átt þriggja mánaða uppsagnarfrest í samræmi við gerðardóminn frá 19. ágúst 1963.

Ber því samkvæmt þessu að dæma honum þóknun fyrir setu á bæjarráðsfundum og á fundum byggingarnefndar og skipulagsnefndar út aprílmánuð 1967.

Því tildæmast undir þessum lið kr. 12.388.88.

Um mismun við uppgjör.

Fjárhæð þessa kröfufliðar er kr. 333.72.

Hann er þannig fundinn, að samkvæmt uppgjöri stefnda átti stefnandi inni kr. 36.333.72, er hann lét af störfum.

Stefndi greiddi síðan Gjaldheimtunni í Reykjavík kr. 36.000.00 fyrir stefnanda.

Mismunur þessara fjárhæða er kr. 333.72.

Kröfufliður þessi telst nægilega rökstuddur, enda ekki mótmælt sérstaklega af stefnda.

Verður hann því tekinn til greina að fullu.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn hluta málskostnaðar.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarsjóður Hafnarfjarðar, greiði stefnanda, Guðmundi Óskarssyni, kr. 29.307.80 ásamt 8% vöxtum frá 1. október 1967 til greiðsludags, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 1. febrúar 1971.

Nr. 191/1969. **Preben Skovsted**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Karli Einarssyni og

Kristens Sigurðssyni

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. október 1969, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m. Krefst hann þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða honum kr. 6.820.00 með 7% ársvöxtum frá 1. maí 1968 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Er stefndu keyptu fyllingarefni það, sem í málinu greinir, skýrði áfrýjandi stefnda Karli frá því, að efnið væri ekki nýtt og að hræra þyrfti það upp fyrir notkun, að undanskildum 14 kg, er áfrýjandi hrærði upp sem sýnishorn. Fengu stefndu efnið af þessum ástæðum fyrir lægra verð en ella. Stefndu endurseldu byggingarfélaginu Breiðholti h/f allt efnið, og að því er virðist á svipuðu verði og almennt var á nýju efni. Er til kom, notaði Breiðholt h/f aðeins 10—14 kg af efninu, en afganginn tók áfrýjandi í skiptum fyrir